



FAGMENNSKA - SKÖPUN - SAMSTARF

Starfsáætlun 2024

Inngangur

AkureyrarAkademían (AkAk) er norðlenskt fræða- og menningarsetur með aðsetur í Sunnuhlíð 12, Akureyri, stofnað árið 2014, í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Við stofnunina tók AkAk við rekstri og starfsemi forvera síns, Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, sem var komið á fót árið 2006.

Í maí 2015 undirrituðu AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytið samning með hliðsjón af skipulagsskrá stofnunarinnar um ráðstöfun á rekstrarframlagi í fjárlögum sem lagði grunn að stöðugleika í rekstri og starfsemi AkAk. Samningurinn gildi út árið 2017 og eftir það hafa verið gerðar árlegar framlengingar. AkAk fellur nú undir málefnasvið háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins eins og önnur fræða- og þekkingarsetur í landinu, sem og háskólastofnanir.

Meginhlutverk AkureyrarAkademíunnar samkvæmt skipulagsskrá og samningi við ráðuneytið er að starfrækja fræða- og menningarsetur á Akureyri til að bjóða háskólanemum og þeim sem fást við fræða- og ritstörf upp á aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum og að styðja við rannsóknir og fræði með því að miðla þekkingu út í samfélagið og stuðla að umræðum í samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Skýrsla um 15 ára fræða- og menningarstarf á vettvangi AkAk, sem kom út í október 2021 og uppfærsla á henni sem gerð var í desember sl., sýna að starf að þessum markmiðum hefur skilað góðum árangri og átt þátt í að styrkja búsetu og samfélag hér á svæðinu. Á þessum 17 árum hafa 120 einstaklingar haft samastað til sköpunar innan veggja AkAk, 97 frá árinu 2006 og fram til þess að skýrslan kom út, og 23 frá þeim tíma og til ársloka 2023. AkAk hefur enn fremur á þessum 17 árum staðið fyrir ríflega 190 viðburðum þar sem lögð hefur verið áhersla á að tengja saman ólíka hópa og að virkja almenning til þátttöku. Ríflega 150 viðburðir voru haldnir þann tíma sem skýrslan tekur til og 40 viðburðir eftir að skýrslan kom út og út árið 2023. Á vefsíðu AkAk hefur upplýsingum um einstök verkefni og viðburði verið komið fyrir í gagnagrunni sem hægt er að leita í.

Núgildandi skipulagsskrá AkAk er nr. 764/20. júlí 2020. Stjórn AkAk skipa Sigurgeir Guðjónsson formaður, Þórhallur S. Bjarnason gjaldkeri, Sara Stefánsdóttir ritari og í fulltrúaráði eru Gunnar Árnason, Jakob Þór Kristjánsson, Jón Hjaltason og Margrét Guðmundsdóttir. Framkvæmdastjóri í 50% starfi er Aðalheiður Steingrímsdóttir.

Starfsáætlunin skiptist í eftirtalin svið:

1. Fjármál og rekstur
2. Aðstaða og faglegt starf
3. Miðlun
4. Samstarf

Á starfsárinu 2024 mun AkAk kappkosta að styrkja enn frekar stöðu sína sem fræða- og menningarsetur á Norðurlandi eins og undanfarin ár.

Akureyri, 31. janúar 2024

Fyrir hönd AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður
Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri

1. Fjármál og rekstur

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að tryggja öryggi í fjármálum og stöðguleika í rekstri.	Að endurnýja samstarfssamning við ráðuneytið til næstu ára.	Endurnýjaður samstarfssamningur.
	Að hafa góða yfirsýn yfir fjármál og rekstur AkAk.	Ársreikningur og rekstraráætlun sýni stöðuga afkomu. Reglubundin yfirferð stjórnar yfir rekstrarstöðu AkAk. Undirbúningur rekstrar- og starfsáætlunar í desember 2024 fyrir árið 2025.
	Að halda traustum tengslum við ráðuneytið með samráðsfundum og upplýsingagjöf um fjármál og starfsemi AkAk.	Fjöldi árlegra samráðsfunda. Skil á rekstrar- og starfsáætlun 2024 til ráðuneytis í janúar. Skil á ársreikningi 2023 og ársskýrslu 2023-2024 til ráðuneytis í júní. Skil á ársreikningi 2023 til Ríkisendurskoðunar í júní.
	Að afla styrkja til að standa straum af kostnaði við að halda viðburði fyrir íbúa á Akureyri.	Fjöldi og upphæðir styrkveitinga á ári.

2. Aðstaða og faglegt starf

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að veita háskólanemum og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum góða aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum með því að starfrækja öflugt fræða- og menningarsetur á Akureyri með áherslu á þverfaglegt og lifandi þekkingarsamfélag um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.	Að bjóða upp á góða aðstöðu til háskólanáms, fræði- og ritstarfa, námskeiða og funda. Að miðla upplýsingum til akademóna um rannsóknarsjóði og styrki. Að veita akademónum aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni þegar eftir því er leitað. Að viðhalda nýliðun í hópnum sem leigir vinnuaðstöðu hjá AkAk.	Viðhorfskönnun meðal þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk um húsnæði, aðstöðu og þjónustu og að nota niðurstöður til umbóta. Upplýsingum miðlað. Aðstoð við umsóknir og önnur verkefni. Að lágmarki 80% vinnuaðstöðu sé í útleigu hverju sinni. Upplýsingum safnað með reglubundnum hætti um nýtingu á vinnuaðstöðu, menntunarstig þeirra sem leigja aðstöðu, verkefni sem fólk vinnur að hjá AkAk og viðburði sem AkAk stendur fyrir.
Að efla samveru akademóna og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.	Að halda reglubundna súpufundi þar sem fólk segir frá því sem það er að vinna að og rætt er um starfsemi AkAk. Að halda jólaboð og fara í vorferð. Að akademónar kynni verkefni sín og haldi námskeið þegar eftir því er leitað.	Súpufundir haldnir a.m.k. sjö sinnum yfir árið. Jólaboð haldið og farið í vorferð. Fjöldi kynninga og námskeiða.

	Að akademónar taki þátt í starfseminni á vettvangi AkAk og leggi sitt af mörkum til hennar.	Fjöldi verkefna sem akademónar taka að sér.
	Reglulegir fundir stjórnar og fulltrúaráðs og ársfundur AkAk í maí.	Fundir stjórnar og fulltrúaráðs haldnir og ársfundur.

3. Miðlun

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að efla miðlun upplýsinga um starf á vettvangi AkAk til að auka sýnileika í samfélaginu.	Að heimasíða AkAk sé aðgengileg og notendavæn.	Heimasíða uppfærð jöfnum höndum.
	Að uppfæra gagnagrunn um verkefni og viðburði á heimasíðu jöfnum höndum.	Gagnagrunnur á heimasíðu uppfærður og fréttum miðlað um uppfærsluna.
	Að gera áætlun um viðburði á hverju misseri, bæði viðburði á vegum AkAk sem og þá sem AkAk stendur að í samstarfi við aðra aðila.	Viðburðaáætlun birt í viðburðadagatali á heimasíðu AkAk.
	Að efla miðlun á heimasíðu og samfélagsmiðlum um starfið á vettvangi AkAk sem og í svæðismiðlum á Akureyri.	Fjöldi fréttu og pistla á miðlum AkAk og í svæðismiðlum.
	Að gefa út fréttabréf um það sem er efst á baugi í starfi AkAk.	A.m.k. fimm fréttabréf gefin út.

4. Samstarf

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að styðja við rannsóknir og fræði með því að miðla þekkingu út í samfélagið og stuðla að umræðum í samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.	Samstarf við Háskólann á Akureyri samkvæmt samstarfssamningi.	Fjöldi sameiginlegra funda og verkefna.
	Upplýsingar sendar til HA um fræðimenn sem starfa hjá AkAk samkvæmt samstarfssamningi.	Upplýsingum miðlað til HA.
	Samstarf við Akureyrarbæ um endurgjaldslausa vinnuaðstöðu fyrir einstaklinga sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna.	Upplýsingar teknar saman um nýtingu á vinnuaðstöðu og faglega virkni.
	Samstarfssamningur við Akureyrarbæ endurnýjaður.	Nýr samstarfssamningur.
	Samstarf við ReykjavíkurAkademíuna um samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun og gagnkvæma nýtingu aðstöðu.	Fjöldi sameiginlegra funda og verkefna.
	Samstarfssamningur við ReykjavíkurAkademíuna endurnýjaður.	Fjöldi félaga AkAk og RA sem nýtir sér ákvæði samstarfssamnings um gagnkvæm afnot af aðstöðu.
	Samstarfssamningur við ReykjavíkurAkademíuna endurnýjaður.	Nýr samstarfssamningur.
	Samstarf við hjúkrunarheimilin á Akureyri um fyrirlestra fyrir íbúa heimilanna og aðra bæjarbúa.	Fjöldi fyrirlestra, aðsókn og viðtökur.
	Viðburðir á vegum AkAk í Sunnuhlíð 12.	Fjöldi viðburða, aðsókn og viðtökur.
	Að efla tengsl við háskóla, háskólasetur, þekkingar- og fræðasetur á Norður- og Austurlandi.	Fjöldi samstarfsaðila og verkefna.

